

Alþingi
Erindi nr. Þ. 130/1040
komudagur 23.2.2004



Þingeyri 22. febrúar 2004

Aðalstræti 26
470 Þingeyri
sími 456 8201
gsm 893 1065
fax 456 8203
skjolskogar
@netos.is

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Þingmál 477: Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008
Umsögn: Skjólaskógar á Vestfjörðum

Skjólaskógar á Vestfjörðum fagna framkominni tillögu og þeirri vinnu sem lögð hefur verið í vísindalegan gagnagrunn um náttúru Íslands. Fyrir landeigendur og aðra sem vinna að landnýtingu er afskaplega mikilvægt að geta gengið að upplýsingum er varða faglegt mat á verndargildi einstakra svæða. Því aðeins getur eðlileg nýting landsins til búsetu og framfara farið saman við náttúruvernd að þekkingar sé aflað og henni komið á framfæri.

Nokkur atriði eru þó umhugsunarverð:


Gera þarf rækilega grein fyrir því hver er stjórnsýsluleg staða friðaðra svæða; hvað felst í friðlýsingu svæðanna, hvaða takmarkanir eru settar við landnýtingu og hvernig þeim verður framfylgt.

Í viðauka við þinglýsingu er fyrirhuguðum verndarsvæðum lýst og birtir listar yfir fugla- og plöntutegundir sem einkenna svæðið og/eða eru grundvöllur friðlýsingar. Auk þess er umfjöllun á vef Umhverfisstofnunar um þau 75 svæði sem stofnunin gerir tillögu um að verði friðlýst.

Þetta eru upplýsingar sem ekki hafa verið tiltækar fyrir almenning áður og ber að fagna því. Hins vegar þarf að gera mun nánar grein fyrir svæðunum og þeim traustu upplýsingum um náttúrufar og náttúruminjar sem liggja til grundvallar vali á hverju svæði. Þessar upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar, jafnt almenningi og fagfólki sem vinnur að ráðleggingum er varða landnotkun. Gert er ráð fyrir að öflun og útgáfa slíkra upplýsinga hljóti að vera hluti af því ferli sem fylgir friðlýsingu hvers svæðis um sig.

Skjólaskógar á Vestfjörðum gera ekki athugasemd við val eða mörk þeirra svæða sem fjallað er um í tillögunni. Þó er lýst yfir vonbrigðum með það að ekkert af þeim svæðum sem teljast til mikilvægustu birkiskóga landsins samkvæmt *Tillögum Umhverfisstofnunar um friðlýsingar* sé dæmigerður vestfirskur birkiskógur, beittur og lagaður að snjófargi. Þessir skógar eru fimmtungur af birkiskógum landsins og m.a. einu heimkynni *krossjurtar* á landinu. Slíkir skógar hljóta að vera dæmi um jafn mikilvæga eiginleika birkis og hávaxnari skógar.

Virðingarfyllst
f.h Skjólaskóga á Vestfjörðum


Sæmundur Þorvaldsson